

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð breiðfirzkra mæðra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. júní 1966.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð breiðfirzkra mæðra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður breiðfirzkra mæðra.

2. gr.

Hann er stofnaður árið 1958 með kr. 1644.00 gjöf Sigurðar Hólmsteins Jónssonar og systkina hans, til minningar um móður þeirra Júlíönu Hansdóttur.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera bundinn Reykhólakirkju og tilgangur hans vera að kosta skreytingu og innra búnað kirkjunnar. Skal fé úr honum varið til þess, eftir því sem stjórn hans ákveður hverju sinni. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn, kr. 1644.00.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarpresturinn í Reykhólaprestakalli og er hann formaður, sóknarnefndarformaður Reykhólasóknar og safnaðarfulltrúi.

5. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera minningargjafir um breiðfirzkar mæður og aðra, svo og hvers konar gjafir aðrar, áheit og fé, sem sjóðnum áskotnast.

6. gr.

Sjóðnum fylgir bók, er í skal skrautrita nöfn allra þeirra, sem gefið er í minningu um ásamt helztu æviatriðum, svo og nöfn gefanda, en aldrei skal skráð þar upphæð gjafar eða tegund.

7. gr.

Endurskoðendur skulu tilnefndir af hreppsnefnd Reykhólahrepps.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þórarinn Þór.

Sveinn Guðmundsson,
safnaðarfulltrúi.

Ingi Guðm. Sigurðsson,
sóknarnefndarformaður.